



Reykjavík, 12. janúar 2026
VEL25080057

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Styrkjahópur velferðarráðs

Efni tillögu: *Styrkveitingar velferðarráðs úr borgarsjóði 2026*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu styrkjahóps velferðarráðs um styrkveitingar úr borgarsjóði til verkefna á sviði félags- og velferðarmála fyrir árið 2026.

Greinargerð:

Meðfylgjandi eru tillögur styrkjahóps velferðarráðs um styrkveitingar velferðarráðs fyrir árið 2026 en í hópnum áttu sæti Guðný Maja Riba varaformaður velferðarráðs, Helgi Áss Grétarsson, fulltrúi í velferðarráði og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs. Starfsmaður hópsins var Randver Kári Randversson, sérfræðingur á velferðarsviði. Alls bárust 41 umsókn um styrki að upphæð 318.062.623 kr. Heildarfjárheimild á árinu 2026 vegna styrkja úr borgarsjóði nam 135.534.276 kr. en þar af er kostnaður við gildandi þjónustusamninga til þriggja ára 94.202.751 kr. Til ráðstöfunar var því 41.331.525 kr.

Í tillögunni er gert ráð fyrir almennum styrkjum að upphæð samtals 900.000 kr., þjónustusamningum til eins árs að upphæð samtals 15.400.000 kr. og þjónustusamningum til þriggja ára að upphæð samtals 25.000.000 kr. eða samtals 41.300.000 kr.

Fylgiskjal:

Tillögur um styrkveitingar velferðarráðs úr borgarsjóði 2026.



Reykjavík